

# Umhverfislagsráðgjöf í baráttu við loftslagsbreytingar

*Sif Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA, fjölskylduráðgjafi í Sønderborg kommune í Danmörku*

*Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi MA, PhD., prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands*



Sif Sigurðardóttir



Guðný Björk Eydal

## Inngangur

Fjórir áratugir eru síðan vísindamenn vöktu fyrst athygli á hlýnun jarðar sem umhverfislegri ógn sem gæti jafnframt haft alvarleg áhrif á líf mannsins á jörðinni (Weingart, Engels og Pansegrau, 2000). Afleiðingar loftslagsbreytinga eru þó enn í dag teknar misalvarlega og deilt er um þær þótt þær séu mælanlegar (United Nations Secretary-General's High-Level Panel on Global Sustainability, 2012; Weaver, 2014). Afleiðingarnar eru alþjóðlegar og það kallar á víðtækar aðgerðir á svæðisbundnum, innlendum og alþjóðlegum vettvangi (Dominelli, 2012). Loftslagsbreytingar valda bæði félagslegum óstöðugleika í samfélögum um allan heim og hamförum. Þær eru því ein af helstu áskorunum 21. aldar (Alston, 2015; Dominelli, 2012). Það hvernig við högum daglegu lífi okkar ræður miklu um umfang þessara breytinga og því skipta skjót viðbrögð miklu máli. Ákvarðanir okkar í dag skilgreina framtíðina og þar af leiðandi framtíð barna okkar og barnabarna (United Nations Development Programme, e.d.).

Greinin er byggð á niðurstöðum BA-ritgerðar Sifjar Sigurðardóttur (2017) sem fjallaði um fjölbreytt hlutverk félagsráðgjafa og hvernig þeir geta hagað störfum sínum með það að markmiði að sporna gegn þróun og afleiðingum loftslagsbreytinga. Fjallað er um umhverfismiðaða félagsráðgjöf og aðferðir innan

hennar og áherslur sem eru tengdar hamfarafélagsráðgjöf (e. disaster social work). Gerð er grein fyrir því hvernig hugmyndir og aðferðir umhverfismiðaðrar félagsráðgjafar geta nýst við að sporna gegn mögnun og afleiðingum loftslagsbreytinga og hvernig hamfarafélagsráðgjöf getur dregið úr tjónnæmi og aukið viðnámsþrótt einstaklinga og samfélaga. Í greininni er leitað svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hvernig geta félagsráðgjafar hagað störfum sínum þannig að þeir sporni gegn mögnun og afleiðingum loftslagsbreytinga?
2. Hvernig geta hugmyndir og aðferðir umhverfismiðaðrar félagsráðgjafar nýst í slíkri vinnu?

## Loftslagsbreytingar og hamfarir

Loftslagsbreytingar eru afleiðing hnattrænnar hlýnunar jarðar og tengjast losun gróðurhúsalofttegunda sem má rekja til iðnvæðingar og þéttbýlismyndunar (Dominelli, 2012). Vitundarvakning hefur átt sér stað síðustu áratugi og er almennt litið á loftslagsbreytingar og áhrif þeirra sem vísindalega staðreynd, þar sem aukin losun gróðurhúsalofttegunda veldur marktækum breytingum á loftslaginu til hins verra (Bowles o.fl., 2016; United Nations Development Programme, e.d.).

Hamfarir geta átt sér stað vegna náttúruvár eða af mannavöldum, en litið er á loftslagsbreytingar sem eina tegund hamfara af mannavöldum (Dessler og Parsons, 2006; Dominelli, 2012, 2013; Visser, Petersen og Ligtvoet, 2014). Afleiðingar loftslagsbreytinga má meðal annars sjá á breytingum á hitastigi jarðar, sýrustigi sjávar, hækkun sjávarborðs og bráðnun jökla og ísjaka (Dominelli, 2012; Trainor, Chapin, Huntington, Natcher og Kofinas, 2007). Gert er ráð fyrir aukinni tíðni og umfangi ofsavæðurs sem muni hafa mjög óhagstæð áhrif á samfélög og náttúruna (Intergovernmental Panel on Climate Change, 2008). Hamfarir sem rekja má til loftslagsbreytinga geta ógnað velferð og heilsu fólks,



umhverfi og efnahagslegri þróun. Öfgar í veðurfari, eins og flóð, hitabylgjur, þurrkar, eyðimerkurmyndun, jarðvegseyðing og ýmsar aðrar umhverfisraskanir, ógna einnig fæðuöryggi og lífsviðurværi (Climate Council, e.d.; Myers, 2005; Visser o.fl., 2014).

Loftslagsbreytingar geta dregið úr möguleikum okkar til að uppfylla grunnþarfir, svo sem þörf fyrir vatn, fæðu, land, orku og frið (International Federation of Social Workers, 2009). Öfgakennt veðurfar hefur mismunandi áhrif á lönd eftir legu þeirra og það leiðir til þess að fjöldi flóttafólks er mjög svæðisbundinn (Leckie, 2009; United Nations Development Programme, e.d.). Mikil fjölgun íbúa getur haft áhrif á matvælaframleiðslu og valdið skertu öryggi vegna minna framboðs á mat eða vegna neyslu og spillingar umhverfis (Dominelli, 2012, 2013). Þeir sem búa við góð efnahagsleg kjör og á iðnvæddum svæðum eru ólíklegri til að verða fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga og því eykst enn bilið á milli þeirra sem hafa mikið og þeirra sem hafa ekkert eða lítið (Dominelli, 2012). Fólksflutningar á alþjóðlegum vettvangi af völdum loftslagsbreytinga eru nýtt fyrirbæri (Myers, 2005; United Nations Development Programme, e.d.). Mannúðaraðstoð (e. humanitarian aid) er veitt fólki á flótta vegna loftslagsbreytinga en hún nær ekki að uppfylla grunnþarfir fyrir húsaskjól, mat og lyf og því geta félagsráðgjafar gegnt mikilvægu mál-svarahlutverki og knúið á um að auka aðstoðina. Þeir geta einnig lagt sitt af mörkum við að þróa viðeigandi stefnu og þjónustu til að tryggja að þörfum flóttafólks sé mætt (Third World Network, 2010; United Nations Development Programme, 2008).

### Félagsráðgjöf og loftslagsbreytingar

Það er mikilvægt að bregðast við aukinni tíðni umhverfis- og loftslagstengdra hamfara (Dominelli, 2012). Þá hafa sérfræðingar ítrekað bent á að auk jarðskjálfta megi vænta gosa frá mörgum helstu eldstöðvum hérlandis á komandi árum (Guðni Einarsson, 2018). Félagsráðgjöf er í stöðugri þróun og tekst sífellt á við nýjar áskoranir (Hare, 2004; Mupedziswa, 1997). Sérstaða félagsráðgjafar og höfuðáhersla hennar er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur og á hans eigin forsendum (Dominelli, 2010; Sigrún Júlíusdóttir, 2014). Félagsráðgjöf leggur áherslu á valdeflingu og sjálfshjálp í stað vandamála og hindrana. Þá er lögð áhersla á að vinna út frá styrkleikum hvers og eins ásamt því að samþætta reynslu og að beita lausnamiduðum nálgunum. Þá hefur ávallt verið lögð áhersla á heildarsýn í kenningarlegri nálgun greinarinnar og þar með áhersla á að skoða vel það umhverfi sem fólki er

búið og áhrif þess á vellíðan og velferð (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Þörfum fólks er mætt og unnið að lausn persónulegra og félagslegra vandamála einstaklinga í samspili við náttúrulegt umhverfi þeirra. Áhersla er lögð á þarfir berskjaldaðra hópa og að tryggja öllum þegnum samfélagsins félagslegt réttlæti (Barker, 2003; International Federation of Social Workers, 2000). Félagsráðgjafar standa samkvæmt siðareglum vörð um mannréttindi, félagsleg réttlæti og félagslegan jöfnuð (Dominelli, 2013). Félagsráðgjafar gegna mikilvægu hlutverki sem málsvarar þeirra hópa sem þeir vinna með og einnig gegna þeir mikilvægu hlutverki í miðlun upplýsinga. Þeir geta fært flóknar upplýsingar yfir á auðskilið mál og komið þeim til skila, hvort sem það er til almennings, ákveðinna hópa innan samfélagsins eða fagmanna.

Núverandi skilgreining alþjóðasamtaka félagsráðgjafa er sem fyrr byggð á félagslegu réttlæti og mannréttindum, auk sameiginlegrar ábyrgðar og virðingar fyrir fjölbreytileikanum. Félagsráðgjöf skuldbindur sig til þess að stuðla að velferð ásamt því að takast á við allar þær hindranir sem fólk getur mögulega mætt í daglegu lífi (International Federation of Social Workers, 2014). Það hefur verið gagnrýnt að í þessari nýju skilgreiningu skuli ekki vera fjallað um hlutverk og ábyrgð félagsráðgjafa þegar kemur að samspili fólks og náttúrulegs umhverfis (Bowles o.fl., 2016).

Félagsráðgjöf hefur mikið fram að færa til að sporna gegn afleiðingum loftslagsbreytinga og félagsráðgjafar takast á við afleiðingar þeirra í starfi sínu (Dominelli, 2012, 2013; Hare, 2004; International Federation of Social Workers, 2009; Zapf, 2010). Þeir vinna á ýmsum sviðum, ýmist með einstaklingum, fjölskyldum eða í samfélagsvinnu með stærri hópum (LaTosch og Jones, 2012). Sem dæmi má nefna vinnu í kjölfar áfalla með fátækum fjölskyldum, vinnu við að tryggja skólabörnum viðunandi næringu eða skipulagða aðstoð í kjölfar náttúruhamfara (Bowles o.fl., 2016; Kemp, 2011). Ef félagsráðgjafar láta sig loftslagsbreytingar varða geta þeir auki viðnámsþrótt einstaklinga og samfélaga ásamt því að draga úr tjónnæmi vegna þeirra. Félagsráðgjafar geta þar að auki brugðist við eyðileggingu af völdum náttúruhamfara, til dæmis öfgaveðurs, og aðstoðað við að leysa átök vegna takmarkaðra auðlinda (Dominelli, 2011).

Það er fagleg skylda félagsráðgjafa að mennta sig á sviði umhverfismála samkvæmt stefnu The National Association of Social Workers (NASW) (Rogge, 2014). Hægt er að auka ábyrgð og umhyggju fyrir náttúrulegu umhverfi með þátttöku félagsráðgjafa í uppbyggingu

félagslegs umhverfis (International Federation of Social Workers, 2012). Tryggja þarf að umhverfismál öðlist vægi innan starfsgreinarinnar og hafa alþjóðasamtökin sett upp áætlun um umhverfisréttlæti (e. climate justice program) á heimasíðu sinni, þar sem lögð er áhersla á að mennta, berjast fyrir og breyta eigin háttum (e. educate, advocate and be the change) til að stuðla að heilbrigðara umhverfi fyrir núlifandi og komandi kynslóðir (International Federation of Social Workers, 2012, 2021).

### Umhverfismiðuð félagsráðgjöf

Áhyggjur af umhverfismálum hafa aukist bæði á landsvísu og alþjóðlega. Þar sem félagsráðgjafar sinna í miklum mæli einstaklingum sem verða helst fyrir áhrifum þeirra er það hvatning til að vinna með umhverfið í stærra og hnattrænna samhengi, og eins og áður hefur verið nefnt er því mikilvægt að þeir séu vel upplýstir og hafi góða þekkingu á umhverfismálum (Shaw, 2011). Félagsráðgjafar eru vel hæfir til að stuðla að sjálfbærri þróun samfélaga og takast á við umhverfisleg réttlætismál (Schmitz, Matyók og Sloan, 2011). Hér verður fjallað nánar um nokkur helstu sjónarhorn umhverfismiðaðrar félagsráðgjafar: Umhverfisfélagsráðgjöf, vistfræðilega félagsráðgjöf, sjálfbæra félagsráðgjöf, græna félagsráðgjöf og hamfarafélagsráðgjöf.

*Umhverfisfélagsráðgjöf* (e. environmental social work) tengist áherslum á vistfræði og sjálfbærni. Hún er hluti af framtíðaráherslum félagsráðgjafar vegna aukinnar meðvitundar almennings um umhverfismál (Coats og Gray, 2012; Molyneux, 2010). Þessi tegund félagsráðgjafar byggist á vísindalegri þekkingu á hlýnun jarðar og neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á vistkerfi fólks og búsvæði. Störf slíkra félagsráðgjafa eru því margþætt og geta til að mynda verið í formi margs konar samfélagsvinnu eða vinnu með jaðarsettum hópum til að stuðla að sjálfbærni í umhverfismálum (Coast og Gray, 2012). Umhverfisfélagsráðgjöf stuðlar að umhverfislegu réttlæti sem felst í að ljá berskjölduðum, kúguðum og fátækum rödd. Þá er þar lögð áhersla á fyrirbyggjandi vinnu (Coast og Gray, 2012).

*Í vistfræðilegri félagsráðgjöf* (e. ecological social work) er lögð áhersla á að þróa áherslur hugmyndafræðinnar um samspil einstaklings og náttúrulegs umhverfis hans (Molyneux, 2010). Markmið hennar er að efla samskipti og samvinnu ólíkra hópa til að stuðla að virkni samfélagsþegna í umhverfismálum og takast á við umhverfislega hnignun (Lysack, 2012). Félagsráðgjafar sem vinna út frá þessu sjónarhorni stefna að heildstæðari skilningi á umhverfinu með því að leggja

áherslu á félagsleg gildi í víðara samhengi (Molyneux, 2010).

*Í sjálfbærri félagsráðgjöf* (e. sustainable social work) er lögð áhersla á samhengi félagslegra vandamála og umhverfisþátta með það að markmiði að efla sjálfbærni fólks. Félagsráðgjafar vilja því láta til sín taka í þeim undirliggjandi félagslegu, pólitísku og efnahagslegu kerfum sem eiga þátt í spillingu umhverfis (Teixeira og Krings, 2015).

*Græn félagsráðgjöf* (e. green social work) er fagleg, heildræn félagsráðgjöf í formi umhverfismiðaðrar samfélagsvinnu sem eflir velferð fólks samhliða því að vernda náttúrulegt umhverfi. Þessi tegund félagsráðgjafar varðar velferð allra og alls í samfélaginu og lögð er áhersla á samneyti fólks við dýralíf og gróður (Dominelli, 2012, 2013). Kjarni grænnar félagsráðgjafar, að mati Dominelli (2012), er gagnrýni á iðnvæðingu og neysluhyggju sem eru orsakir loftslagsbreytinga og leitast hún við að draga úr hættu af mannavöldum sem ógnar umhverfinu. Græn félagsráðgjöf leitast einnig við að draga úr tjónnæmi og auka viðnámsþrótt og til þess þarf að auka þekkingu og færni og fjölga hjargráðum og aðferðum. Félagsráðgjafar sem styðjast við græna félagsráðgjöf geta eftt umhverfislegt réttlæti þar sem hún fordæmir ójöfnuð og leitast þar af leiðandi við að jafna dreifingu valds og náttúruauðlinda (Dominelli, 2012, 2013). Græn félagsráðgjöf leggur áherslu á að félagsleg þjónusta eigi að vera í boði fyrir alla þegar þörf er fyrir hana. Markmið hennar er að vinna gegn félagslegum, efnahagslegum og pólitískum öflum sem hafa skaðleg áhrif á lífsgæði fátækra og ýmissa jaðarsettra hópa. Þannig geta félagsráðgjafar haft áhrif á stefnumótun með því að halda grænum gildum á lofti. Það kallar á stöðuga þróun nýrra hugtaka, nálgana og kenninga að standa vörð um rétt fólks til að annast aðra og lífríki sitt og að fá umhyggju sína endurgoldna. Hagsmunaaðilar verða því stöðugt að þróa videigandi viðbrögð, bæði sértæk og menningarleg, við fátækt, ósjálfbærni þróun, spillingu umhverfis og iðnvæðingu. Með fyrirbyggjandi aðferðum og frumkvæði í samfélagsvinnu er hægt að stuðla að sjálfbærni í samvinnu við jarðarsetta hópa og fátækt fólk (Dominelli, 2012). Mikilvægt er að vekja athygli almennings á málefnum og efla forvarnir, draga úr neikvæðum áhrifum fólks á umhverfið, auka viðnámsþrótt og skapa sjálfbærar lausnir (Dominelli, 2012, 2018).

*Hamfarafélagsráðgjöf* (e. disaster social work) er hugtak sem er sprottið út frá hlutverki félagsráðgjafa í kjölfar hamfara (Cuadra og Eydal, 2018). Fólk með sterkt félagslegt tengslanet er fljótara að ná bata og fyrir



stöðu eftir hamfarir því að það hefur góðan aðgang að upplýsingum, aðstoð og hjargráðum (Aldrich, 2012). Einstaklingar, hópar og samfélög sem standa höllum fæti fyrir slík áföll eru berskjaldaðri fyrir afleiðingum þeirra og því líklegri til að verða fyrir meiri áhrifum til lengri tíma (Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2013).

Félagsráðgjafar geta gegnt margvíslegum hlutverkum í kjölfar hamfara, leitað lausna á persónulegum og félagslegum vandamálum, starfað með stefnumótandi aðilum eða tekið þátt í aðgerðum á alþjóðlegum vettvangi (Dominelli, 2011). Þeir geta tekið þátt í að styðja fólk á mismunandi stigum hamfara með því að hjálpa því að skilja edli þeirra, dregið úr hættu sem af þeim stafar, reynt að koma í veg fyrir hættuna, og aðstoðað fólk við að draga úr tjónnæmi og takast á við afleiðingar þeirra (Dominelli, 2012). Félagssráðgjafar geta jafnframt unnið í þverfaglegum teymum til að fræða fólk um umhverfislegt og félagslegt réttlæti. Hamfarir og önnur samfélagsleg áföll hafa mismunandi áhrif á einstaklinga og hópa og geta haft neikvæð áhrif á líf og lífubrauð fólks ásamt því að auka tjónnæmi. Það er því mikilvægt að félagsráðgjafar vinni að því að auka viðnámsþrótt fólks, til dæmis með forvörnum af ýmsu tagi og þátttöku í gerð viðbragðsáætlanana svo þar sé gert ráð fyrir félagslegri þjónustu (Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2013; Guðný Björk Eydal og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, 2017; Hessle, 2014; Dominelli, 2012). Félagssráðgjafar geta hjálpað fólki að takast á við áfall eftir hamfarir og veitt áfallahjálp á fyrstu stigum í kjölfar þeirra sem felst í að draga úr afleiðingunum (Dominelli, 2012; Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2013). Þeir geta gegnt lykilhlutverkum í áfallastjórnun (e. disaster management) með því að vera til staðar fyrir fólk, veita mikilvægar upplýsingar og lágmarka neikvæð áhrif í kjölfar hamfara. Þeir geta einnig tekist á við tjónnæmi og haft valdeflandi áhrif á einstaklinga og samfélög, ásamt því að byggja upp samfélagslega getu sem leiðir til skilvirkari bata (Hessle, 2014). Eftir hamfarir geta félagsráðgjafar jafnframt gegnt mikilvægu hlutverki í endurreisn. Þeir geta aðstoðað við að takast á við afleiðingar hamfara og verndað tjónnæma einstaklinga eða samfélög, en það getur einnig aukið viðnámsþrótt þeirra (Dominelli, 2012).

### Umræða

Loftslagsbreytingar eru hnattrént og flókið fyrirbæri sem mikilvægt er að bregðast við og áriðandi er að skoða hvernig megi mæta þeim umhverfislegu breytingum sem verða í kjölfar þeirra (Bowles o.fl., 2016). Félagss-

ráðgjafar hafa ekki verið áberandi í stefnumótun og aðgerðum tengdum loftslagsbreytingum þótt þeir takist á við afleiðingar þeirra í sínu daglega starfi (Dominelli, 2011, 2012, 2013). Hlutverk félagsráðgjafa er margþætt og getur verið allt frá valdeflingu einstaklinga yfir í það að efla samfélög. Þeir geta þar af leiðandi stuðlað að auknum viðnámsþrótti einstaklinga og samfélaga gegn loftslagsbreytingum (Dominelli, 2011, 2012). Loftslagsbreytingar hafa áhrif á margar af grunnþörfum okkar og geta því til að mynda leitt til búferlaflutninga og veikt stöðu jafnarsettra hópa. Félagssráðgjafar geta átt stóran þátt í að virkja og styðja einstaklinga jafnt sem hópa til félagslegra og efnahagslegra breytinga til batnaðar (Dominelli, 2012; International Federation of Social Workers, 2009). Þar að auki geta þeir unnið að samfélagslegri þróun og eflingu nýsköpunar við að þróa heilðrænar umhverfisvænar lausnir (Dominelli, 2012; Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2013).

Þar sem félagsráðgjafar takast í auknum mæli á við afleiðingar af umhverfisvá hafa hugtökin sjálfbærni og vistfræði orðið mikilvæg (Molyneux, 2010). Svipuð hugmyndafræði liggur að baki umhverfisfélagsráðgjöf, vistfræðilegri félagsráðgjöf, sjálfbærri og grænni félagsráðgjöf, því alltaf er byggt á umhverfismiðaðri félagsráðgjöf (Coast og Gray, 2012; Dominelli, 2012; Molyneux, 2010; Teixeira og Krings, 2015). Mikilvægt er að beita fyrirbyggjandi aðferðum og sýna frumkvæði í samfélagsvinnu til að stuðla að sjálfbærni (Dominelli, 2012). Það er því grundvallarforsenda að félagsráðgjafar hafi góða þekkingu á umhverfismálum og séu vel upplýstir (Shaw, 2011). Einstaklingar og samfélög aðlagast breyttum aðstæðum með mismunandi hætti en það veltur til að mynda á tjónnæmi og viðbragðsþrótti þeirra hvernig til tekst (Dominelli, 2018). Félagssráðgjafar sinna einstaklingum sem verða fyrir óæskilegum áhrifum umhverfisins og geta því gegnt mikilvægu hlutverki í samþættingu umhverfismála, til að mynda með því að halda grænum gildum á lofti (Dominelli, 2012).

Félagssráðgjafar geta þar að auki gegnt margvíslegum hlutverkum þegar kemur að hamföllum, hvort sem það er fyrirbyggjandi starfsemi eða aðgerðir vegna afleiðinga þeirra (Dominelli, 2011, 2012; Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2013). Hlutverk þeirra getur til að mynda falist í að vinna með fólki að lausnum vegna persónulegra vandamála, að starfa með stefnumótandi aðilum eða að taka þátt í aðgerðum á alþjóðlegum vettvangi (Dominelli, 2011; Third World Network, 2010; United Nations Development Programme, 2008). Framlag félagsráðgjafa gæti nýst vel í vinnu í





tengslum við loftslagsbreytingar þar sem þeir geta byggt upp félagsauð og beitt valdeflandi aðferðum í vinnu með fólki og samfélögum (Dominelli, 2011). Vitundarvakning um hamfarir og miðlun upplýsinga fyrir og eftir hamfarir skiptir sköpum og því er starf félagsráðgjafa afar mikilvægt (Dominelli, 2011, 2013). Félagráðgjafar leitast jafnframt við að auka félagslegan, menningarlegan og efnahagslegan jöfnuð (Aldrich, 2012; Dominelli, 2011, 2013). Þeir beita heildarsýn og geta því gegnt mikilvægu hlutverki við að vernda tjónnæma einstaklinga eða samfélög í kjölfar hamfara og við að efla viðnámsþrótt (Dominelli, 2011, 2012; Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2013).

Ljóst er að störf félagsráðgjafa skipta miklu máli þegar kemur að því að sporna við og draga úr afleiðingum loftslagsbreytinga og þegar hamfarir verða. COVID-19 skapar einnig nýjar áskoranir, sem um margt minna á verkefni í kjölfar hamfara. Vegna fjölbreytileika starfsins geta félagsráðgjafar gegnt margvíslegum hlutverkum í þessu samhengi. Það er því mikilvægt að rannsaka samspil félagsráðgjafar og umhverfismála enn frekar og sömuleiðis er áriðandi að stefnumótandi ákvarðanir séu teknar um afstöðu félagsráðgjafa til umhverfismála.

#### Heimildir

- Aldrich, D. P. (2012). *Building resilience: Social capital in post-disaster recovery*. The University of Chicago Press: United States of America.
- Alston, M. (2015). Social work, climate change and global cooperation. *International Social Work*, 58(3), 355–363. doi:10.1177/0020872814556824
- Barker, R. L. (2003). *The Social Work Dictionary* (5. útgáfa). Washington, DC: NASW Press.
- Bowles, W., Boetto, H., Jones, P. og McKinnon, J. (2016). Is social work really greening? Exploring the place of sustainability and environment in social work codes of ethics. *International Social Work*, 61(4), 1–15. doi:10.1177/0020872816651695
- Climate Council. (e.d.). *Reports*. Sótt af <http://www.climatecouncil.org.au/category/reports>
- Coats, J. og Gray, M. (2012). The environmental and social work: An overview and introduction. *International Journal of Social Welfare*, 21(3), 230–238. doi:10.1111/j.1468-2397.2011.00851.x
- Cuadra, C. og Eydal, G. B. (2018). Towards a curriculum in disaster risk reduction from a sustainability perspective. Í L. Dominelli (ritstjóri), *The Routledge handbook of green social work* (bls. 522–534). Abingdon: Routledge.
- Dessler, A. og Parsons, E. A. (2006). *The science and politics of climate change: A guide to the debate*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Dominelli, L. (2010). *Social work in globalizing world*. Cambridge: Polity Press.
- Dominelli, L. (2011). Climate change: Social worker's roles and contributions to policy debates and interventions. *International Journal of Social Welfare*, 20(4), 430–438. doi:10.1111/j.1468-2397.2011.00795.x
- Dominelli, L. (2012). *Green Social Work*. London: BASW/Macmillan.
- Dominelli, L. (2013). Environmental justice at the heart of social work practice: Greening the profession. *International Journal of Social Welfare*, 22(4), 431–439. doi:10.1111/ijsw.12024
- Dominelli, L. (2018). Green social work and the uptake by the Nepal school of social work: Building resilience in disaster stricken communities. Í *Evolving narratives of hazard and risk* (bls. 141–158). doi:10.1007/978-3-319-65211-5\_9
- Guðni Einarsson. (01.12.2018). Þekkt eldfjöll eru að búa sig undir eldgos. *Morgunblaðið* 01.12.2018. [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/12/01/bua\\_sig\\_undir\\_eldgos/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/12/01/bua_sig_undir_eldgos/)
- Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir. (2013). Félagráðgjöf í kjölfar náttúruhamfara: Áfallahjálp og samfélagsvinna. *Tímarit félagsráðgjafa*, 7(1), 5–12. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/article/view/1721/766>
- Guðný Björk Eydal og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir. (2017). Velferð og vát: Hlutverk félagsþjónustu sveitarfélaga í almannavarnaskipulagi á Norðurlöndum. *Tímarit félagsráðgjafa*, 11(1), 18–21. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/article/view/2559/1390>
- Hare, I. (2004). Defining social work for the 21st century: The international federation of social worker's revised definition of social work. *International Social Work*, 47(3), 407–424. doi:10.1177/0020872804043973
- Hessle, S. (ritstjóri). (2014). *Environmental change and sustainable social development: Social work-social development volume II*. London: Ashgate Pub.
- Intergovernmental Panel on Climate Change. (2008). Climate change 2007. Synthesis report. Sótt af [http://www.ipcc.ch/pdf/assessmentreport/ar4/syr/ar4\\_syr\\_full\\_report.pdf](http://www.ipcc.ch/pdf/assessmentreport/ar4/syr/ar4_syr_full_report.pdf)
- International Federation of Social Workers. (2000). *IFSW news 2/2000*. Sótt af [http://cdn.ifsw.org/assets/ifsw\\_33158-4.pdf](http://cdn.ifsw.org/assets/ifsw_33158-4.pdf)
- International Federation of Social Workers. (2009, 1. júní). *IFSW call for UN action on social impact of climate change*. Sótt af <http://ifsw.org/news/ifsw-callfor-un-action-on-social-impact-of-climate-change/>
- International Federation of Social Workers. (2012, 23. febrúar). Globalisation and the environment. Sótt af <http://ifsw.org/policies/globalisation-and-theenvironment/>
- International Federation of Social Workers. (2014). *Global definition of social work*. Sótt af <http://ifsw.org/get-involved/global-definition-of-social-work/>
- International Federation of Social Workers. (2021). *Climate justice program*. Sótt af <https://www.ifsw.org/social-work-action/climate-justice-program/>
- Kemp, S. P. (2011). Recentring environment in social work practice: Necessity, opportunity, challenge. *British Journal of Social Work*, 41(6), 1198–1210. doi:10.1093/bjsw/bcr119



- LaTosch, K. og Jones, K. (2012, apríl). Conducting macro-level work in a microfocused profession. *Field educator*, 2.1, 1–3. Sótt af <http://www2.simmons.edu/ssw/fe/i/LaTosch.pdf>
- Leckie, S. (2009). Climate-related disasters and displacement: Homes for lost homes, lands for lost lands. Í J. M. Guzmán, G. Martine, G. McGranahan, D. Schensul og C. Tacoli (ritstjórar), *Population dynamics and climate change* (bls. 119–132). New York: UNFPA/IIED.
- Lysack, M. (2012). Building capacity for environmental engagement and leadership: An ecosocial work perspective. *International Journal of Social Welfare*, 21(3), 260–269. doi:10.1111/j.1468-2397.2011.00854.x
- Molyneux, R. (2010). The practical realities of ecosocial work: A review of the literature. *Critical Social Work*, 11(2), 61–69. Sótt af <http://www1.uwindsor.ca/criticalsocialwork/sites/uwindsor.ca.criticalsocialwork/files/thepracticalrealities-pdf.pdf>
- Mupedziswa, R. (1997). Social work with refugees: The growing international crisis. Í M. C. Hokenstad og J. Midgey (ritstjórar), *Issues in international social work: Global challenges for new century* (bls. 110–124). Washington, DC: NASW Press.
- Myers, N. (2005, 22. maí). *Environmental refugees: An emergent security issue*. Sótt af <http://www.osce.org/eea/14851?download=true>
- Rogge, M. E. (2014). Environmental policy. Í J. J. Kelly og E. J. Clark (ritstjórar), *Social work speaks: National Association of Social Workers policy statements 2009–2012* (8. útgáfa) (bls. 116–123). Washington, DC: NASW Press.
- Schmitz, C. L., Matyók, T. og Sloan, L. M. (2011, 13. desember). The relationship between social work and environmental sustainability: Implications for interdisciplinary practice. *International Journal of Social Welfare*, 21(3), 278–286. doi:10.1111/j.1468-2397.2011.00855.x
- Shaw, T. V. (2011). Is social work a green profession? An examination of environmental beliefs. *Journal of Social Work*, 13(1), 3–29. doi:10.1177/1468017311407555
- Sif Sigurðardóttir. (2017). *Félagsráðgjöf og loftslagsbreytingar: Hlutverk félagsráðgjafa í kjölfar hamfara* (óútgefin BA-ritgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/27342/1/Lokaskil%20pdf.pdf>
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald: Rannsóknarviðtak, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(1), 33–43. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/article/view/1779/830>
- Sigrún Júlíusdóttir. (2014). Rætur og saga – fagmynd félagsráðgjafa. *Tímarit félagsráðgjafa*, 8(1), 27–32. Sótt af <http://www.timaritfelagsradgjafa.is/article/view/1788/839>
- Teixeira, S. og Krings, A. (2015). Sustainable social work: An environmental justice framework for social work education. *Social Work Education*, 34(5), 513–527. doi:10.1080/02615479.2015.1063601
- Third World Network. (2010). *Bonn climate news updates* (maí/júní 2010). Sótt af <http://www.twn.my/title2/climate/fullpdf/bonnmayjuneweb.pdf>
- Trainor, S. F., Chapin, F. S., Huntington, H. P., Natcher, D. C. og Kofinas, G. (2007). Arctic climate impacts: Environmental justice in Canada and the United States. *The International Journal of Justice and Sustainability*, 12(6), 627–643. doi:10.1080/13549830701657414
- United Nations Development Programme. (2008, september). *Climate change: Scaling up to meet the challenge*. Sótt af [http://www.preventionweb.net/files/8335\\_UNDPCCStrategy.pdf](http://www.preventionweb.net/files/8335_UNDPCCStrategy.pdf)
- United Nations Development Programme. (e.d.). *Human development report 2007/2008. Fighting climate change: Human solidarity in a divided world*. Sótt af [http://hdr.undp.org/sites/default/files/hdr\\_20072008\\_summary\\_english.pdf](http://hdr.undp.org/sites/default/files/hdr_20072008_summary_english.pdf)
- United Nations Secretary-General's High-Level Panel on Global Sustainability. (2012). *Resilient people, resilient planet: A future worth choosing*. New York: United Nations. Sótt af [https://en.unesco.org/system/files/GSP\\_Report\\_web\\_final.pdf](https://en.unesco.org/system/files/GSP_Report_web_final.pdf)
- Visser, H., Petersen, A. C. og Ligtoet, W. (2014, ágúst). On the relation between weather-related disaster impacts, vulnerability and climate change. *Climate Change*, 125(3), 461–477. doi:10.1007/s10584-014-1179-z
- Weaver, H. N. (2014). Climate change and environmental justice: Indigenous perspectives from the United States. Í S. Hessle (ritstjóri), *Environmental change and sustainable social development: Social work-Social development volume II* (bls. 65–71). London: Routledge Taylor & Francis Group
- Weingart, P., Engels, A. og Pansegrau, P. (2000). Risks of communication: Discourses on climate change in science, politics, and the mass media. *Public Understanding of Science*, 9(3), 261–283. doi:10.1088/0963-6625/9/3/304
- Zapf, M. K. (2010). Social work and the environment: Understanding people and place. *Critical Social Work*, 11(3), 30–46. Sótt af [http://www1.uwindsor.ca/criticalsocialwork/sites/uwindsor.ca.criticalsocialwork/files/coates\\_3\\_pdf.pdf](http://www1.uwindsor.ca/criticalsocialwork/sites/uwindsor.ca.criticalsocialwork/files/coates_3_pdf.pdf)